

Dags. 12. apríl 2013

## Úrskurður nr. 24/2012

Í dag var hjá embætti Tollstjóra kveðinn upp svofelldur

### Ú R S K U R Ð U R

**Kærandi: Þ**

**Kæruefni: Höfnun beiðni um undanþágu greiðslu vörugjalda af bifreið**

#### I. Kæra

Með bréfi, dags. 7. desember 2012, sem mótttekið var þann 10. desember 2012, hefur Þ, kært skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005 ákvörðun Tollstjóra, dags. 12. október 2012, um höfnun á beiðni um undanþágu frá greiðslu vörugjalda af bifreið af gerðinni Mercedes Benz Viano.

Kærandi heldur því fram að ofangreind bifreið falli í undanþáguflokk skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., og krefst þess að fallið verði frá hinni kærðu ákvörðun.

#### II. Málsmeðferð

Þann 10. október 2012 móttók embætti Tollstjóra aðflutningskýrslu er varðaði sendingu með sendingarnúmerið E GOD 25 9 2 DE HAM W077, þar sem kærandi óskaði eftir niðurfellingu vörugjalds af bifreiðinni Mercedes Benz Viano 3,1 cd. Tók kærandi það fram að vörugjald skyldi falla niður vegna þess að bifreiðin væri ætluð til fólksflutninga og vísaði til skilyrsts atvinnuleysis sem var hluti af fylgiskjöllum.

Tollstjóri hafnaði niðurfellingu vörugjalds af ofangreindri bifreið með ákvörðun dags. 12. október sama ár. Byggði sú ákvörðun á þeim röksemdum að ekki væri fyrir að finna heimild í lögum nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., til að fella niður vörugjald af bifreiðinni. Ákvörðun Tollstjóra var kærð með bréfi dags. 7. desember 2012 sem mótttekið var þann 10. desember 2012. Embætti Tollstjóra sendi kæranda bréf dags. 11. janúar 2013, þar sem óskað var eftir nánari gögnum sem sýnt gætu fram á að bifreið kæranda uppfyllti skilyrði til niðurfellingar vörugjalds. Bréfið var ítrekað þann 30. janúar sama ár þar sem ekkert svar hafði borist frá kæranda og tekið var fram að ef engin svör bærust yrði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Umbeðnar upplýsingar hafa ekki borist frá kæranda.

#### III. Meginröksemdir kæranda

Kærandi vísar til ákvæðis 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Þar komi fram að vörugjald af leigubifreiðum til fólksflutninga skuli lagt á samkvæmt undanþáguflokki 3. gr. miðað við skráða losun koltvísýrings viðkomandi ökutækis, mælt í grömmum á hvern ekinn kílómetra. Skilyrði lækkunar vörugjalds af leigubifreið eru m.a. að kaupandi hennar hafi atvinnuleyfi til leigubílaaksturs fólksbifreiða og hafi akstur hennar að aðalatvinnu.

Kærandi telur sig uppfyllta öll skilyrði ofangreinds ákvæðis laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Kærandi tekur fram að hann hafi atvinnuleyfi til eðalvagnaþjónustu skv. lögum nr. 134/2001 um leigubifreiðar, sem gefið er út af Vegagerðinni. Skilyrði fyrir slíku leyfi séu samhljóða skilyrðum til leigubifreiðaaksturs skv. 5. gr. laganna, sbr. 7. gr. sömu laga og 25. gr. reglugerðar nr. 397/2003. Kærandi telur að eðalvagnaþjónusta sé ein tegund leigubifreiðaaksturs og að um slíka þjónustu skuli gilda efnislega sömu reglur og um leigubifreiðaakstur. Þá tekur kærandi það fram að hann hafi akstur bifreiðarinnar að aðalatvinnu.

Kærandi telur framangreinda ákvörðun Tollstjóra ekki rétta og fer fram á að embættið taki málið til úrskurðar.

#### **IV. Niðurstöður**

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af ökutækjum sem skráningarskyld eru skv. umferðarlögum, nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 29/1993 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. Samkvæmt 3. gr. laganna skal vörugjald lagt á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., eftir gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentímetrum. Í flokk I falla ökutæki með 2.000 rúmsentímetra sprengirými eða minna og leggst á þau 30% vörugjald. Í flokk II falla ökutæki með yfir 2.000 rúmsentímetra sprengirými og leggst 45% vörugjald á þau.

Á leigubifreiðar til fólksflutninga leggst lægra vörugjald samkvæmt 1. tl. 2. mgr. 5. gr. laganna. Á ökutæki í flokki I leggst 10% vörugjald, en á ökutæki í flokki II leggst 13% vörugjald. Um er að ræða undanþágu frá skattskyldu sem bundin er ákveðnum skilyrðum. Nánar er kveðið á um skilyrði lækkunar í reglugerð nr. 331/2000 um vörugjald af ökutækjum í samræmi við heimild í 3. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

Í 15. gr. reglugerðar nr. 331/2000 er nánar kveðið á um skilyrði fyrir álagningu lægra vörugjalds af leigubifreiðum. Þau skilyrði þarf rétt hafi að uppfylla næstu tvö ár eftir nýskráningu bifreiðarinnar. Kemur þar m.a fram að rétt hafi skuli hafa atvinnuleyfi til leigubifreiðaaksturs, hafa ákveðna lágmarksfjárhæð í reiknað endurgjald af leiguakstri og að bifreiðin skuli skráð í ökutækjaskrá sem leigubifreið og nýtt sem slík. Embætti Tollstjóra fellst ekki á þá fullyrðingu kæranda að öll skilyrði fyrir niðurfellingu vörugjalds skv. 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laganna séu uppfyllt, enda þótt fyrir liggi atvinnuleyfi til eðalvagnaþjónustu, sbr. 6. gr. laga nr. 134/2001 um leigubifreiðar og að kærandi hafi akstur bifreiðarinnar að aðalatvinnu.

Undanþáguheimild 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. felur í sér undanþágu á almennri skattskyldu. Með vísan til viðtekinnna lögskýringareglna eru slíkar undanþágur háðar þröngri túlkun. Til þess að undanþáguákvæði 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. eigi við þarf bifreiðin sem um ræðir að geta talist vera leigubifreið í lagalegum skilningi. Engin ákvæði eru í lögnum sjálfum eða reglugerð nr. 331/2000 um undanþágu vegna eðalvagna og því telur embætti Tollstjóra að líta verði svo á að eðalvagn þurfi að uppfylla öll sömu skilyrði og aðrar fólksbifreiðar til þess að geta talist vera leigubifreið.

Í lögum um leigubifreiðar nr. 134/2001 er að finna kröfur sem leigubifreiðar þurfa að uppfylla, má m.a. nefna að skilyrt er að löggiltur gjaldmælir sé í bifreiðinni, sbr. 10. gr. laganna. Þá er það skilyrði samkvæmt reglugerð nr. 397/2003, um leigubifreiðar, að leigubifreið til fólksflutninga skuli auðkennd með þakljósi, sbr. 2. gr. reglugerðarinnar. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni þar um hefur kærandi ekki sýnt fram á að bifreið hans uppfylli ofangreind skilyrði.

Bifreið kæranda er ekki skráð í ökutækjaskrá sem leigubifreið, heldur sem bifreið til almennrar notkunar. Þar af leiðandi uppfyllir bifreiðin ekki skilyrði 4. tl. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar 331/2000 um vörugjald af ökutækjum. Með vísan til alls ofangreinds er það mat Tollstjóra að fyrirbyggjandi mál falli ekki undir 1. tl. 1. mgr. 5. gr. laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.

## ÚRSKURÐARORÐ

Embætti Tollstjóra úrskurðar skv. 117. gr. tollalaga nr. 88/2005, með síðari breytingum, að ákvörðun Tollstjóra um höfnun beiðni um niðurfellingu vörugjalds af bifreið með fastanúmerið X, dags. 12. október 2012, er staðfest.

### **Kæruréttur**

Úrskurðinum er heimilt að skjóta til Ríkistollanefndar, Skúlagötu 57, Reykjavík, innan 60 daga frá póstlagningardegi bréfs þessa, sbr. 1. mgr. 118. gr. tollalaga.